



Norðurlöndin kalla!

Til eru margar sögur og skoðanir um Norðurlöndin en nú viljum við heyra ykkar frásagnir. Í þessu verkefni eigið þið að búa til kvikmyndir um norræna staði: Hvernig lítur ykkar staður út í augum fólks sem er að sjá hann frá alveg nýju sjónarhorni? Og hvernig finnst ykkur að vera hluti af Norðurlöndunum? Þ.e.a.s. ef ykkur finnst þið vera það. Búið til myndir, deilið þeim með öðru ungu fólki á Norðurlöndum og ræðið ólíkar hliðar á lífi ungs fólks á svæðinu.

Þið skuluð byrja á því að kíkja nánar á verkefnið, Norðurlöndin – og Norðurlöndin í kvikmyndum.

HVAÐ ERU NORÐURLÖNDIN?

Norðurlöndin eru Álandseyjar, Danmörk, Finnland, Færeyjar, Grænland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Á svæðinu, sem nær yfir 3,5 milljónir ferkílómetra, búa tæplega 30 milljónir manna. Norræna náttúran er ríkuleg og fjölbreytt með sínum djúpu fjörðum, stóru vötnum og háu fjöllum.

Á Norðurlöndum eru töluð nokkur tungumál og sögulega hafa íbúar Norðurlandanna auðveldlega getað skilið hver annan. Danska, færeyska, íslenska, norska og sænska eru norðurgermönsk tungumál og eiga rætur sínar að rekja til tungumálsins sem talað var á víkingaöld. Finnska og samíska eru af finnsk-úgrísku málaættinni og grænlenska (eða kalaallisut) er Inúítamál af eskimó-aleútísku málaættinni.

Við á Norðurlöndunum eigum margt sameiginlegt, ekki síst vegna langrar sameiginlegrar sögu okkar. Svæðið einkennist af nánú pólitísku samstarfi og sameiginlegum lýðræðislegum gildum. Oft er bent á Norðurlöndin sem dæmi um svæði í heiminum þar sem jafnrétti er hvað mest og Norðurlöndin mælast ofarlega í rannsóknum á tjáningarfrelsi. En hugmyndin um Norðurlöndin sem einsleitt svæði er ekki fullkomlega óumdeild. Pólitísk spenna og áhrif nýlendustefnunnar – bæði í samhengi fortíðar og nútíðar – hafa sett mark sitt á svæðið og samskipti landanna og íbúanna.

HÓPVERKEFNI

- Hvað vitið þið um Norðurlöndin?
- Hvaða þýðingu hafa Norðurlöndin fyrir ykkur?
- Hvað finnst ykkur um hin norrænu löndin? (Hafið þið t.d. einhverja fordóma?)
- Finnst ykkur mikilvægt að við á Norðurlöndunum skiljum eitthvað í tungumálum hver annars? Af hverju/af hverju ekki?

ALLUR BEKKURINN

Heimildarmyndir eru alls konar. Þær fjalla um raunveruleikann og staðreyndir en mótast alltaf af manneskjunum sem búa þær til. Myndirnar geta verið frá sjónarhorni áhorfanda, en oft er rætt um að vera „flugá á vegg“ í því samhengi. Þær geta líka verið ljóðrænar eða samfélagsgagnrýnar – eða blanda af öllu.

Það eru til heimildarmyndir sem fjalla um Norðurlöndin. Horfið á klippurnar og veitið því athygli hvernig myndirnar segja sögu með því að nota römmun (d. billedbeskæringar), myndavélarhreyfingar, tónlist og hljóð. Athugið einnig hvað myndirnar reyna að segja og samspil innihaldsins og kvikmyndafræðilegra aðferða.

Þið getið nálgast myndirnar á nordeniskolen.org/is/kennsluefni/nordurloendin-kalla-brot-ur-kvikmyndum-fyrir-vinnublad-1



SKÁL (28:58-30:44 & 45:47-46:43)

Í færeysku heimildarmyndinni *Skál* er römmun beitt til að sýna aðalpersónuna og umhverfið á mismunandi hátt, t.d. með nærmyndum af andliti hennar og yfirlitsmyndum af landslaginu. Í dansatriðinu svífur myndavélin nánast í takt við hreyfingar persónanna.



HREIÐUR (01:23-03:15)

Fast sjónarhorn án hreyfingar er notað til að sýna gang lífsins á staðnum þar sem íslenska myndin *Hreiður* er tekin upp.



TSUMU (06:14-08:31)

Í grænlensku myndinni taka aðalpersónurnar upp sitt eigið daglega líf með farsímum. Myndskeiðin eru hrá en ekta og svo einlæg að þau veita áhorfandanum alveg persónulega upplifun.



HALF&HALF (öll myndin)

Í stuttu, ljóðrænu heimildarmyndinni *Half&Half* beinir leikstjórinn sjónum að ríkjasambandi Danmerkur, Færeyja og Grænlands og sinni eigin sjálfsmýndarkreppu. Hann gerir myndina persónulegri með því að tala bæði á grænlensku og dönsku.

HVAÐ ER RÍKJASAMBANDIÐ?

Grænland, Færeyjar og Danmörk mynda saman ríkjasambandið (d. rigsfællesskabet). Grænland og Færeyjar hafa í dag mikla sjálfstjórn en fyrirkomulagið með ríkjasambandið hefur ekki verið vandræðalaust, meðal annars vegna þess að Grænland og Færeyjar voru áður danskar nýlendur. Samband landanna er enn til umræðu, sem og framtíð ríkjasambandsins.

HÓPVERKEFNI

- Nefnið dæmi úr myndunum um notkun á nærmyndum (nálægt) og yfirlitsmyndum (langt frá). Hvernig er römmunin notuð til að sýna eitthvað um persónur og staði? Nefnið líka gjarnan dæmi um hreyfingu myndavélarinnar.
- Hvaða áhrif hafa tónlist og hljóð í mismunandi myndskeiðum?
- Hvernig haldið þið að heimildarmynd frá sjónarhorni áhorfanda sé? Og hvernig gæti slík mynd verið ljóðræn?
- Hver eru skilaboðin í *Half&Half*? Hvernig koma þau fram? Á hvaða hátt er myndin gagnrýnin?

ÖNNUR MYNDSKEIÐ TIL INNBLÁSTURS



HAVUMETSÄN LAPSET (16:10-17:55)

Dramatísk náttúra og mótmæli í stórborg eru sjónrænar andstæður í finnsku heimildarmyndinni um loftslagsbaráttuna, sem hlaut norrænu verðlaunin á CPH:DOX árið 2024.



KRIGERE (1:04:35-1:05:15)

Krigere er samfélagslega meðvituð norsk heimildarmynd um menningu og sjálfsmynd. Myndavélin fylgir aðalpersónunni, Mamo, eins og fluga á vegg í blokkinni og sýnir baráttu hans í lífinu.

